



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. september 2025
USK25090065
EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 25.9.2025 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Reykjavíkurflygavöllur - breyting á deiliskipulagi - Skilgreining nýrra lóða - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 18. september 2025, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 17. september 2025 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflygavallar og skilgreiningu nýrra lóða, ásamt fylgigögnum. Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Sumarið 2023 sendi Ísavia þrjú erindi til Reykjavíkurborgar með ósk um minniháttar breytingar á skipulagi í því skyni að auka öryggi á Reykjavíkurflygavelli. Erindin varða breytingar á deiliskipulagi vegna nýrra aðflugsljósa við vesturenda flygavallarins, lítils háttar færslu á eldsneytisgeymum innan flygavallarins, og uppsetningu á myndavélamastri fyrir fjarturn á flygvellinum. Óhæfilegur dráttur hefur orðið á afgreiðslu áðurnefndra erinda. Hafa borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítrekað óskað eftir að úr því verði bætt og umrædd erindi lögð sem fyrst fyrir umhverfis- og skipulagsráð til umfjöllunar og afgreiðslu. Ánægjulegt er að fyrirliggjandi tillaga felur m.a. í sér afmörkun lóðar fyrir umrætt myndavélamastur. Æskilegt er að önnur erindi Ísavia um skipulagsbreytingar í þágu flygöryggis hljóti afgreiðslu sem fyrst.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Framsóknar styður eindregið að Ísavia fái afmarkaðan reit í skipulagi til þess að reisa turn fyrir fjarstýrða flygumferðarstjórn. Brýnt er að tryggja rekstraröryggi flygavallarins enda gegnir hann lykilhlutverki í samgöngum fyrir landið allt.

Ívar Vincent Smáráson
e.u.